


SLÝDALSTJÖRN
Fiskirannsóknir 1993.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/95003X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

SLÝDALSTJÖRN
Fiskirannsóknir 1993.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/95003X

1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá stuttri athugun á fiskstofnum Slýdalstjarnar í Hraundal á Mýrum, sem gerð var að beiðni leigutaka vatnsins.

Megintilgangur rannsókna var að kanna ástand bleikjustofns vatnsins og veita ráðleggingar um nýtingu hans. Engar skýrslur liggja fyrir um rannsóknir á vatninu.

2. STAÐHÆTTIR.

Slýdalstjörn liggur í 210 m hæð yfir sjávarmáli, efst í Hraundal í Mýrasýslu. Í vatnið renna nokkrir lækir, en Melsá fellur úr vatninu að austanverðu. Mesta breidd tjarnarinnar er 300 m en mesta lengd 450 m. Flatarmál vatnsins er talið vera 0,11 m² eða um 11 hektarar.

Engar nákvæmar dýptarmælingar hafa verið gerðar, en mesta mælt dýpi mun vera um 9 m, en yfirleitt er vatnið 0,5 - 2,0 m að dýpt. Mikill gróður er í vatninu.

3. RANNSÓKNARAÐFERÐIR.

Veitt var í vatninu með tveim netaseríum af mismunandi möskvastærð. Önnur serían var lögð við útfall vatnsins (Melsá), alls 5 net sem voru af möskvastærðum 15,5 mm, 21,5 mm, 25 mm, 29 mm og 45 mm. Hin serían var lögð um mitt vatn nær vesturhluta vatnsins, alls 3 net af möskvastærðum 21,5 mm, 35 mm og 45 mm. Fyrri serían var lögð á innan við tveggja m dýpi, en seinni serían var lögð á meira dýpi. Slík netasería á að gefa góða hugmynd um stærð fiska í vatninu frá 15 - 45 sm að stærð.

Netin lágu einungis í 4 - 5 klst áður en þau voru tekin upp, Ennfremur var rafveitt í Melsá og í læk sem rennur í norðurenda vatnsins.

Afli í net var flokkaður í tegundir, lengdarmældur (lengd frá snoppu að sporðsýlingu) og vigtaður með nákvæmni upp á 0,1 gr. Kyn var ákvarðað og kynþroski metinn samkvæmt Dahl (1917). Þá voru kvarnir af öllum fiskum teknar til að greina aldur fiskanna. Fæða í mögum var lauslega metin.

Holdafar fiska var metið með útreikningi á holdastuðli ($K = \text{Þyngd gr} \cdot 100 / \text{lengd sm}^3$). Bleikja í meðalholdum hefur holdastuðul um 0,9. Feitir fiskar geta haft holdastuðull allt að 1,7, en magrir fiskar allt niður að 0,65.

4. NIÐURSTÖÐUR.

4.1. Netaveiðar.

Eingöngu bleikja veiddist í tilraunanetin, alls 17 fiskar í 8 lagnir (Tafla 1). Flestir fiskanna veiddust í netið með minnstu möskvastarðina, en aflinn minnkaði hins vegar mjög ört með stökkandi möskvastarð. Net eru mjög veljandi veiðarfari og nota má þá almennu reglu að möskvastarð í mm veiði fisk í sm. Sú staðreynd að smæsta netið veiði mest, bendir því mjög til að mestur fiskafjöldinn í vatninu sé mjög smár fiskur. Ennfremur er bent á að netin lágu niðri í mjög skamman tíma og hefðu því væntanlega veitt mun meira ef þau hefðu legið niðri yfir nótt.

Tafla 1.

Afli bleikju í tilraunanet, sem lögð voru í Slýdalstjörn 19. ágúst 1993.

Möskvastarð mm	Fjöldi neta	Afli	Afli/lögn
15,5	1	10	10
21,5	2	3	1,5
25,0	1	0	0
29,0	1	1	1
35,0	1	2	2,0
45,0	2	1	0,5
Samtals	8	17	

Bleikjan í Slýdalstjörn var á bilinu 2 - 9 ára (Tafla 2). Vöxtur bleikjunnar var þokkalegur fyrstu árin (Tafla 2), en virðist stöðvast er náð er um 30 sm lengd (1. Mynd). Þannig er öll bleikja 5 ára og eldri kynþroska.

Tafla 2

Aldursskipting og vöxtur bleikju í
Slýdalstjörn 19. ágúst 1993.

Aldur ár	Fjöldi n	Meðallengd sm	Meðalþyngd gr	Þyngdar- stuðull
2	2	15,5	38,0	1,00
3	5	17,3	53,4	1,03
5	5	25,8	192,0	1,08
7	3	30,8	342,0	1,16
8	1	33,0	419,0	1,17
9	1	30,0	269,5	1,00

Holdafar bleikjunnar sem veiddist var frá 1,0 - 1,17 að meðaltali eftir aldurshópum og bleikjan því í ágætu ásigkomulagi.

4.2. Rafveiðar.

Í innrennislæk (2. Mynd) fannst mikið af bleikjuseiðum sem voru á bilinu 0 + - 3 +, þ.e. allir aldurshópar að fjórða ári. Þéttleikinn svarar til þess að 16 bleikjuseiði hafi veiðst í einni rafveiðiyfiferð á 100 m² botnflatarmáli.

Í Melsá (2. Mynd) veiddist aðallega bleikja á fyrsta (0+) aldursári, en einnig varð vart við eldri bleikju. Þéttleiki bleikjunnar svaraði til þess að um 13 bleikjuseiði veiddust í einni rafveiðiyfirferð á 100 m² botnflatarmáli. Botngerð var mjög fíngerð á þessum stað í Melsá og botn því skjólminni en í innrennislæknum, og því síður von á að veiða eldri og stærri bleikju.

5. UMRÆÐUR

Niðurstöður benda til að Slýdalstjörn sé þéttsetin af bleikju. Þrátt fyrir að net hafi einungis legið niðri í stuttan tíma, aflaðist vel í netin, einkum af smáfiski. Þetta kemur einnig fram er vöxtur bleikjunnar er skoðaður, en hann stöðvast að mestu er bleikjan nær um 30 sm stærð. Bleikjan var öll

kynþroska 5 ára og eldri, en er kynþroska er náð þá stöðvast yfirleitt vöxtur bleikjunnar. Þá virðist viðkoma bleikjunnar vera mikil ef dæma má af rafveiðum í lækjum, en þess skal getið að bleikjan getur einnig hrygnt í stöðuvatninu sjálfu.


Leigutakar vatnsins hafa haft í huga að sleppa bleikjuseiðum af öðrum stofni í vatnið til fiskræktar. Þessi fiskræktaraðferð er dæmd til að mistakast. Nýliðun bleikjustofnsins er örugglega nægileg og jafnvel of mikil. Vöxtur bleikju af hvaða stofni sem er, fer eftir fæðumagni í vatninu og umhverfisskilyrðum hverju sinni. Sleppingar í vatnið skila því örugglega engum árangri og leiða jafnvel til versnandi ástands bleikjustofnsins.

Helsti möguleikinn til að bæta ástand bleikjustofnsins er sennilega að létta á stöðuvatninu með því að veiða smáfiskinn í vatninu með smáriðnum netum t.d. 15 - 20 mm möskva. Með því móti yrðu færri fiskar um hituna (fæðumagnið) og möguleikar á því að fleiri fiskar næðu meiri stærð. Vatnið hefur án efa góð skilyrði til fiskframleiðslu. Afrakstur af bleikjuvötnum er oft á bilinu 10 - 20 kg á hektara og samkvæmt því væri unnt að veiða 100 - 200 kg árlega úr vatninu.

6. HEIMILDASKRÁ

Dahl, K 1917. Studier og forsök over öreet og örretvand. Centraltrykkeriet. Kristiania (Oslo), 107 bls.

1. Mynd: Aldur og lengd bleikju í Slýdalstjörn 19.08. 1993.



2. Mynd: Lengdardreifing og aldur bleikjuseiða í rafveiðum í innrennsli og útrennsli Slýdalstjarnar 19.08.1993.

